

Sögusmiður flytur heim og langar að færa fjöll



Víðsýni Ásgeir Hvítaskáld kemur reynslunni ríkari heim til Íslands og hefur strax tekið til óspilltra málanna við kvikmyndagerð og skriftir. — Morgunblaðið/Steinunn Ásmundsdóttir

Ásgeir Hvítaskáld er kominn aftur til Íslands eftir 21 árs útiveru. Hann vinnur daglaunavinnu sem viðskiptafræðingur við hliðargötu á Egilsstöðum, en undirbýr kvikmynd í fullri lengd í frítíma sínum. **Steinunn Ásmundsdóttir** hitti sagnasmiðinn á Fjarðarheiðinni.

ÉG fæddist í Skerjafirðinum fyrir fimmtíu og þremur árum og eftir leiki bernskunnar fór ég að skrifa ljóð, smásögur, greinar í blöðin, leikrit og eitt og annað. Ég hafði mikinn áhuga á hinu skrifaða orði og var alltaf að skapa," segir Ásgeir Þórhallsson, nefndur Hvítaskáld.

Á þessum árum kom út skáldsagan Skáldið og draumurinn, talsvert af ljóðabókum og smásagnasöfn auk þess sem hann las margar smásögur í útvarp og var mikilvirkur í greinaskrifum fyrir Morgunblaðið, þar sem hann var með fastan pistil sem hét Hinn mannlegi þáttur. Hann skrifaði líka í Dagblaðið, m.a. um siglingar; í Tímann, Vikuna, Lesbók Morgunblaðsins og segist talsvert hafa rifið kjaft í blöðum og tímaritum á þessum árum.

Ásgeir var ein af miðbæjarrottunum og átti sitt stjórnutímabil í Reykjavík þessara ára. Hann eignaðist konu, Jóhönnu Árnadóttur ljósmóður sem fylgir honum enn og eiga þau þrjá drengi, 8, 13 og 16 ára gamla.

Viðskiptafræðilegt ferðalag

"Svo lenti ég í ferðalögum. Þjó tvö ár í Noregi, þrjú í Svíþjóð og sextán ár í Kaupmannahöfn. Margar ástæður eru fyrir því að ég fór. Mig langaði til að þroskast og stækka. Ég vildi sjá þennan heim þar sem hugsanlega væri eitthvað stærra og meira.

Í Noregi lærði ég bókaútgáfu í tveggja ára háskólanámi í viðskiptafræðum. Þar áttu menn að fókusa á eitthvað sérstakt og ég tók fyrir sölu á bókum og útgáfu þeirra. Svo langaði mig að læra meira og fór til Gautaborgar í viðskiptafræði og tók svo mastersgráðu í Kaupmannahöfn.

Ég fann þar líka handverk sem ég félaði í botn, nefnilega kvikmyndagerð. Hún er mjög góð leið til að segja sögur, sem er einmitt það sem ég er alltaf að fást við."

Í Danmörku kynntist hann íslenskum leikara sem benti honum á að skrá sig sem tiltækan statista fyrir bíómyndir. Ásgeir lét ekki þar við sitja heldur meldaði sig einnig inn hjá Nordisk Film og datt þar með inn í kvikmyndaheiminn og kynntist fólkinu í

honum. Fljótlega fann hann Det Danske Filmværksted, kvikmyndaverkstæði í Kaupmannahöfn sem er nokkurs konar kvikmyndaskóli fyrir þá sem kannski komast ekki í venjulega kvikmyndaskóla. Þar veltist hann um í áratug og fékk haldgóða leiðsögn og rak um þriggja ára skeið eigið kvikmyndafyrirtæki.

Var aldrei sleppt lausum

"Nú er ég búinn að prófa allt mögulegt, er hámenntaður viðskiptafræðingur en sköpunarhliðin er sterkari og ég get ekki lifað án þess að skrifa. Maður þarf samt að hafa fjölskyldu og brauð svo ég hef mitt starf og svo er sköpunin mín tómstundiðja." Ásgeir segir farir sínar ekki sléttar í Kaupmannahöfn. "Ég uppgötvaði að ég hef lifað í málleysi í sextán ár. Ég er búinn að reyna að skrifa í blöðin þar, banka á dyr en það hefur ekki reynst fræðilegur möguleiki á að koma að efni af neinu viti. Fyrst hélt ég að danskan mín þyrfti að batna svo ég lærði betri dönsku, en aldrei var hægt að komast inn á neitt blað né tímarit með greinar eða annað. Jæja, ég skrifaði nú samt eitthvað í miðlana en mér var aldrei sleppt inn, gat einhvern veginn ekki skapað mér pláss þarna eins og ég get hér heima. Þú ert bara útlendingur þó Íslendingur sért í Danmörku. Ástæða þess að ég kem heim er að mér var farið að leiðast og fannst ég lokaður inni í einhverjum pappakassa.

Í kvikmyndabransanum fékk ég að vísu ýmsa styrki til að gera heimildarmyndir o.fl. en fékk samt ekki almennilega styrki og var því aldrei sleppt lausum til að gera neitt stórt. Samt var ég á kafi í þessu og var í öllum kokkteilpartíum að tala við allar þessar kerlingar sem stjórna öllu saman. Ég er ekki einn um að upplifa svona og þetta finnur maður ekki fyrr en eftir langa vist í Danmörku."

Ásgeir hefur þrátt fyrir þetta ýmislegt í farteskinu af heimildarmyndum, tónlistarmyndböndum og fleira sem hann gerði í Danmörku. M.a. seldi hann íslenska sjónvarpinu nýverið til sýningar mynd um íslenskan sjómann sem býr einn í fiskibáti í Álasundi í Noregi. Þar beitir hann fyrstu persónu frásögn sem hann segir gríðarlega flókna og skemmtilega útfærslu í myndmálinu.

Táraðist yfir landslaginu

"Ég keypti mér gamlan bíl og setti gítarinn, tölvurnar og kvikmyndadótið í hann og fór um borð í Norrönu fyrir rúmum fjórum mánuðum. Svo þegar ég var kominn yfir heiðina frá Seyðisfirði og horfði yfir Héraðið og Lagarfljótið teygja úr sér svo langt sem augað eygði táraðist ég. Já! Ég er kominn heim! Ég hafði ekki gert mér grein fyrir að ég væri með svona mikla heimþrá. Þetta var það sem ég vildi."

Ásgeir settist að á Egilsstöðum og fékk sér skrifstofuvinnu. Hann segir að í Reykjavík hafi hann hitt fólkið sem hann umgekkst fyrir tuttugu árum og það sé enn allt í sömu hringiðunni. Hann nennti varla í það aftur svo Egilsstaðir urðu áframhald af hans ferðalagi. Hann kann því vel að búa þar og segist ætla að staðnæmast í bili.

"Landslagið hér er brjáláð. Hér eru mótíf út um allt, á sjó og landi. Ég verð annaðhvort að skrifa þetta niður eða taka myndir áður en ég verð samdauna landslaginu. Að gera kvikmynd hér er bara frábært."

Ásgeir er byrjaður að gera kvikmynd í samvinnu við Leikfélag Fljótsdalshéraðs, sem tekin verður m.a. á Eiðum, Eskifirði og í Berufirði. Hún er í grunninn sögur sem Ásgeir skrifaði úti, Þrjár dauðasögur, sem vefjast inn í hver aðra með því að sögupersónur búa saman í gömlum leiguhjalli og eru undirlagðar af glæp, háska og samvisku sín í

hverju lagi. Ásgeir segir að þetta séu skakkar sögur og myrkar og myndin verði frumsýnd næsta haust.

Hluti af endurkomu skálds

21. september kom svo út bókin "Á flóttu undan vindinum, lífsreynsluskáldsaga," eftir Ásgeir. Um er að ræða frásagnir af ferðalögum hans ytra, m.a. siglingu á seglbát yfir Atlantshafið og ferðum í Skandinavíu.

"Bókin er mjög þýðingarmikil fyrir mig" segir Ásgeir. "Hún er frásögn af því af hverju ungur maður leitar útrásar og að hverju þessi maður leitar. Hann upplifir margt mjög athyglisvert, létt og skemmtilegt og er að skoða, læra og skilja. Bókin er hluti af endurkomu minni heim og með henni held ég áfram þar sem frá var horfið. Ég er búinn að fá málið aftur. Ég er fullur af sögum. Þær streyma út núna af því ég er búinn að vera svo lengi í málleysi. Bókin er minn stíll í hápunkti. Ég hef alltaf verið að þroska sjálfan mig í að geta skrifað nákvæmlega þennan stíl."

Seinna bindið mun m.a. fjalla um Katmandu í Nepal og Woodstock. Hún spannar ferðir Ásgeirs allt til Íslands og endar á ferðalaginu með Norrönu frá Danmörku til Egilsstaða.

Eins og að vakna til lífsins

Ásgeir segist helst veita því athygli í íslensku þjóðfélagi hversu verðbréfabraskið sé orðið umfangsmikið.

"Það er bara flott. Íslendingar eru stórir í dag, sterkir og duglegir, eins og þeir hafa alltaf verið. Við höfum verið kúguð en nú eru menn að vakna og sýna styrk sinn."

Ísland tekur æðislega vel á móti mér, hér eru allar dyr opnar. Ég fæ að skrifa eins og mér er lífsnauðsyn, í blöðin, er að koma út með þessa bók, selja mynd í íslenska sjónvarpið, er að gera kvikmynd með leikfélaginu og það er bara eins og ég sé að vakna til lífsins úr gröfinni. Tíminn úti fór í að læra gott handverk og þroskast. Nú kann ég mitt fag, er öruggur um mitt myndmál og fullur af sögum. Hér get ég gert stóra hluti án þess að hafa mikla peninga ef ég skipulegg mig vel. Svo sit ég ofan í jörðinni á daginn og hvíli hugann, dunda líka við að smíða seglskútu og spila stundum golf. Og svo er ég að skapa."

Jóhanna og drengirnir koma heim til Ásgeirs þegar hún er orðin örugg um að sagnasmiðurinn ætli að festa rætur á ný á Íslandi.